

2019-2020

Starfsáætlun Kópasteins



Heiða Björk Rúnarsdóttir
Leikskólastjóri



Efnisyfirlit

1. Um leikskólann KÓPASTEIN	3
1.1 Gerð leikskóla, húsnæði, lóð og rými	3
1.2 Námskrá, stefna, uppeldislegar áherslur, skipulag	3
1.3 Starfsmannastefna	3
1.4 Stefna vegna foreldrasamstarfs	4
1.5 Stoðþjónusta.....	4
2. Mat á starfi sl. starfsárs	4
2.1 Matsaðgerðir sl. starfsárs og niðurstöður	4
2.2 Mat á starfsáætlun sl. starfsárs (og niðurstöður).....	5
2.3 Umbótaáætlun.....	7
3. Starfsáætlun fyrir næsta leikskólaár	8
3.1 Uppeldisstarfið.....	8
3.2 Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir	11
3.3 Próunar og nýbreytnistarf.....	12
3.4 Mat á starfinu, matsaðferðir.....	13
4. Börn.....	13
4.1 Fjöldi barna, aðlögun barna, flutningur milli deilda, sérkennsla, útskrift o.fl.	13
5. Starfsmenn	14
5.1 Áherslur í samstarfi, s.s. handleiðsla, starfsmannaviðtöl og móttaka nýrra starfsmanna.....	14
5.2 Starfsmenn, fjöldi stöðugilda, menntun, sérkennsla, afleysingar, barnsburðarleyfi, námsleyfi, hreyfing á starfsfólki og fl.....	14
5.3 Fundir	16
5.4 Skipulagsdagar, námskeiðsdagar	16
5.5 Endur- og símenntunaráætlun fyrir starfsfólk	17
6. Foreldrasamstarf	17
6.1 Áherslur	17
6.2 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu	17
6.3 Fræðsla og upplýsingar til foreldra	18
6.4 Foreldraráð og foreldrafélag.....	18
7. Samstarf.....	18
7.1 Samstarf við grunnskóla	18
7.2 Samstarf við aðra.....	18
7.3 Nemar.....	19
8. Öryggismál.....	19
9. Lokaorð.....	20

Starfsáætlun 2019- 2020

Einkunnarorð skólans: **GAMAN SAMAN!**

1. Um leikskólann KÓPASTEIN

1.1 Gerð leikskóla, húsnæði, lóð og rými

- Kópasteinn er 4ra deilda skóli með rými fyrir 68 börn frá haustinu 2019, tók til starfa 1964.
Kjallari er í húsinu, ekki hluti af fermetraútreikningum vegna lofthæðar. Þar er bókasafn, listaskáli, vinnuaðstaða kennara, kaffistofa og starfsmannasalerni.
Fækkun frá haustinu 2019 í 68 börn vegna endurskoðunar á leikrými innandyra - það voru 73 börn sl. vetur. Lóðin er um 2.500 m².

1.2 Námskrá, stefna, uppeldislegar áherslur, skipulag

Unnið er út frá Aðalnámskrá leikskóla 2011, einnig tekið mið af aldurstengdum námskrám unnum fyrir leikskóla Kópavogs. Leikurinn er í öndvegi í dagskipulagi. Valkerfið styður við frjálsa leikinn. Leikurinn er megin námsleið barna. **Í gegnum leikinn og vinnustundir er lögð áhersla á sjálfbærni, sköpun, tónlist, lífsleikni og góð gildi í samskiptum.** Umhverfið er stór þáttur í námsumhverfi barna. Leikskólalóðin er fjölbreytt, menningarstofnanir í göngufæri og ýmsar gönguleiðir í nágrenninu. Skólinn er 4ra deilda, deildir aldurskiptar að mestu, þær samnýta svæði og leikefni þar sem tekið er mið af þörfum og aldri barnanna. Börn með fötlun og/eða þroskafrávik fá sérkennslu samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur þar um. Sérkennslustjóri starfar innan leikskólans og hefur yfirumsjón með sérkennslumálum skólans. Meginreglan er að sérkennslan fari fram í hópi barna, þess er sérstaklega gætt að börn sem njóta sérkennslu einangrist ekki frá barnahópnum og að þau njóti eðlilegra félagslegra tengsla. Markmiðið er að ýta undir sjálfstæði, vellíðan og alhliða þroska barnanna.



Fjölmennig

Við skiljum öll eftir okkur spor í lífinu, sum eru bara lítrikari en önnur!



Vinátta


1.3 Starfsmannastefna

- Leikskólinn er eitt vinnusvæði sem kallar á samvinnu allra starfsmanna.
- Áhersla er lögð á liðsheilð og jákvæðan starfsanda.
- Að starfsfólk njóti sín í starfi, eigi möguleika á að auka þekkingu sína og færni m.a. með því að sækja námskeið, fyrirlestra og taka að sér verkefni.

- Starfsmenn eru fyrirmyndir barna í samskiptum og leggja sig fram um að skapa jákvæðan starfsanda.

1.4 Stefna vegna foreldrasamstarfs

- Í aðlögun er lagður grunnur að góðri samvinnu og trausti.
- Áhersla er lögð á jákvæð dagleg samskipti við foreldra. Foreldrar eru velkomnir í leikskólann til að taka þátt í starfinu í samráði við deildarstjóra.
- Foreldrar eru boðnir í morgunhressingu á Góu og í desember þegar við tökum á móti jólagesti í garðinn, foreldrasamtal að vetri á skipulagsdegi, kynning á vetrarstarfi að hausti á eldri deildum, nýir foreldrar fá kynningu í aðlögun, útskrift hjá elsta hópnum á vorönn og vorhátíð skólans í samvinnu við foreldrafélagið sem heldur sína hátíð einnig þennan dag.
- Upplýsingum er komið til foreldra með fjölbreyttum hætti: á heimasíðu, í netpósti, með skrifum á upplýsingatöflur í skólanum og í samtölum.
- Leikskólinn mætir þörfum foreldra og barna eins og starfsmannahald leyfir hverju sinni. Aldrei er hægt að selja fleiri dvalarstundir en hægt er að manna, lengingar á dvöl er því háð starfsmannahaldi hverju sinni.
- Nýtt samskiptaforrit er komið til að halda utan um samskipti foreldra og skóla. Það verður kynnt vel fyrir foreldrum á komandi hausti.



Upplifun í ýmsu formi

1.5 Stoðþjónusta

Leikskólinn á samskipti við fræðslu- og stjórnsýslusvið, tölvudeild, launadeild, áhaldahúsið, starfsmannadeild, umhverfissvið og velferðarsvið, heilsugæslu og fleiri aðila sem tengjast starfinu, beint eða óbeint.

2. Mat á starfi sl. starfsárs

2.1 Matsaðgerðir sl. starfsárs og niðurstöður

Innra mat.

Deildarstjórar tóku starfsmannasamtöl við starfsfólk deilda. Leikskólastjóri hitti deildarstjóra til að fá niðurstöður sem voru heilt yfir jákvæðar, þrátt fyrir mikil veikindi og fjarveru á yngstu deild, sem kallaði á að færa þurfti fólk töluvert á milli deildar. Deildir unnu innra mati á vorönn. Gámes-eftirlitskerfi er í eldhúsinu. Heilbrigðiseftirlitið kemur í úttekt og skilar inn niðurstöðum/athugasemdum. Eftirlit í lóð er framkvæmt dag hvern/utan há vetur, athugasemdir fæðrar í dagbók. Gerð er athugasemd við að ekki sé fært inn í gátlista við eftirlit. Úttekt á vegum garðyrkjudeildar á lóðinni er reglulega yfir árið, einnig koma viðurkenndir aðilar á vorin og sendar niðurstöður til garðyrkjustjóra.



Raddir barna

Peirra viðhorf fær að njóta sín í ýmsu er varðar daglegt líf og starf í skólanum. Á elstu deildinni er hefð fyrir því að spyrja þau álits á þáttum er varða starfið og því miðlað áfram, meirihlutinn ræður, tillögu hópsins er komið á framfæri til eldhús varðandi matinn reglulega frá öllum deildum. Á yngri deildum er stutt við lýðræði/sjálfræði barna eins og aldur leyfir.

Foreldrasamtöl voru í janúar á skipulagsdaginn, þetta var í fjórða sinn sem við förum þessa leið. Kennarar færa punkta úr foreldrasamtölum inn á miðlægan gagnagrunn skólans. Foreldrar eru ánægðir með starfið í skólanum og aðbúnað almennt. Alltaf berast góðar ábendingar í slíkum samtölum, reynt er að vinna sem best úr þeim. 1-4 nefna að það vanti morgunmat fyrir barnið þar sem foreldrar fá morgunmat á sínum vinnustað. Það er umræða sem við tökum reglulega í skólanum. Skoðað að nýju nk. haust. Foreldrum elsta hóps kynntar niðurstöður úr Hljóm-2 sem er unnið með að hausti af kennurum. Foreldrar barna með stuðning fá reglulega samtál við sérkennslustjóra, sérkennslufulltrúa og stuðningsaðila til að fara yfir áætlun sem gerð er fyrir barnið. Foreldrar erlendra barna fá samtál við kennara þar sem túlkabjónusta er nýtt.

Ytra mat

Leikskólanefnd Kópavogs hefur eftirlit með starfsemi leikskóla í samræmi við lög og reglugerðir um leikskóla og aðalnámskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis. Leikskólafulltrúi ber ábyrgð á framkvæmd ytra mats. Annað hvert ár er lögð fyrir rafræn könnun, annars vegar fyrir foreldra og hins vegar fyrir kennara, þar sem lagt er mat á starf og stjórnun leikskólans. Stjórnendamat var áformað á vorönn, ekki varð af því vegna mikilla anna hjá öllum aðilum.

❖ Gullkorn:

Börnin að tala um hvað þau eru **ekki** hrædd við...

„ég er ekki hræddur í kirkjugarðinum, þar eru allir dánir, þar eru allir farnir í helgan stein“

2.2 Mat á starfsáætlun sl. starfsárs (og niðurstöður).

Í heild gekk þokkalega að framkvæma starfsáætlun 2018-2019.

Nokkrar breytingar urðu á áherslum hjá okkur, við höldum áfram með læsisátakið, þar höfum við nýtt okkur námsefnið um Lubba og málbeinið. Allar deildir voru þátttakendur út frá áherslum m.v. aldur barna.

Leikskólinn heldur áfram með vináttuverkefnið um Blæ.

Deildarstjórar/kennari á yngri deildum fóru á námskeið hjá Barnaheill. Vegna starfsmannaveltu á yngri deildum var ekki byrjað á því verkefni, en stefnt er að því á komandi skólaári.

Hulduholt:

Aðlögun gekk vel fyrir sig og vel tókst til að skapa þægilegt andrúmsloft fyrir börnin að aðlagast nýju umhverfi og fyrir börn og starfsfólk að kynnast. Farið var út daglega nema þegar veður hamlar og var salurinn þá nýttur fyrir hreyfingu. Málörvun er hluti af daglegu starfi á deildinni, til dæmis í samverustundum, við matarborðið og í leik. Söngurinn var í aðalhlutverki í samverustundum og lögð var áhersla á að hafa sem mest sjónrænt. Í skapandi starfi var unnið með fjölbreyttan efnivið. Eftir áramót fór eldri árgangurinn í danstíma í salnum sem þau höfðu gaman af. Starfsmannabreytingar voru á deildinni í vetur en þrátt fyrir það gekk starfið vel. Mikil samvinna var milli yngri deilda, eins og oft áður.



Dvergholt:

Lögð var áhersla á „ég sjálfur“ út frá líkamsvitund og nánasta umhverfi. Skapandi starf gekk vel í vetur og einkenndist af fjölbreytni með áherslu á ákveðin verkefni. Könnunarleikurinn var einu sinni í viku fyrir áramót, eftir áramót var farið einu sinni í mánuði. Við höfðum salinn einu sinni í viku og nýttum okkur hann til að hreyfa okkur og dansa saman í stærra rými. Í febrúar var dans í salnum, það er góð viðbót inn í starfið. Deildarstjóri á miðdeild sá um þá kennslu. Samverustundirnar einkenndust af söng og að hafa gaman saman. Við lögðum áherslu á rím og þulur og nýttum samverustundarkassann okkar mikið í þeim stundum. Lögð var áhersla á læsi með þeim hætti að stafir barnanna ásamt mynd af þeim var sýnilegt og ýtti það undir áhuga barnanna á bókstöfunum. Barnahópurinn var mjög samstilltur og náði vel saman. Í heildina gekk veturinn mjög vel og starfið sömuleiðis, þrátt fyrir undirmönnun vegna veikinda af og til.

Steinholt:

Það gekk vel að skapa þægilegt og gott andrúmsloft á deildinni. Skapandi starf gekk vel og unnið var með ársíðarnar og margt fleira. Gripinn var áhugi barnanna á sögunni um Regnbogafiskinn og unnið verkefni út frá sögunni. Lubbi finnur málbein gekk vel og höfðu börnin mikinn áhuga á því námsefni sérstaklega eldri helmingur. Vinnuáttuverkefnið Blær gekk mjög vel fyrir áramót en hefði mátt vinna meira með eftir áramót, en í staðin kom vinna með bókin um Regnbogafiskinn. Ræktun gekk vel og var gaman að gróðursetja og fylgjast með því um vorið. Mikil áhersla var lögð á að kenna börnunum hvað er að vera í hóp, læra að bera virðingu fyrir öllum, sýna umhyggju og tillitsemi. Sú vinna gekk mjög vel og skilaði okkur góðum og samheldnum hópi barna.

Álfholt:

Álfholt er með 2 aldurshópa og 2 deildarstjóra og aðra starfsmenn sem halda utan um hvorn hóp. Deildarstjórar hafa samráð og samvinnu, utanumhald skarast ætíð vegna viðveru deildarstjóra sem er breytileg. Verkefni í vinnustundum gengu mjög vel, ásamt öðrum mikilvægum verkefnum sem unnið var með s.s málörvun, vinátta/ Blær, stærðfræði, læsi og vísindi. Börnin voru áhugasöm og mjög virk í verkefnavinnunni. Þemavinna var undirstaðan í vinnustundum þar sem við unnum með nærumhverfi, vísindi og náttúruna. Vísindahornið bættist við hjá elstu börnunum og verður því starfi haldið áfram. Við nýttum okkur verðlausan efnivið þegar kostur var á. Við höldum áfram að tileinka okkur þá aðferð. Verkefnið um Loga og Glóð gekk vel eftir endurskoðun ársins áður. Jógastundir voru ekki inn í dagskipulaginu en voru t.d í samverustundum og eftir drekkutíma. Okkur hefur tekist vel að vinna samkvæmt áætlunum og dagskipulagi, en höfum líka sýnt sveigjanleika þegar á þurfti að halda. Vinátta og vellíðan barnanna var leiðarljós í öllu okkar starfi.

Tónlist:

Samsöngur í sal á mánudögum undir stjórn deildarstjóra í tónlist. Öll börnin fóru í litlum hópum í tíma með sínum kennara inn í sal og nutu leiðsagnar í tónlist – hlustun, æfingum og upplifun. Mikið var æft með elsta barnahópnum fyrir útskriftarhátíðina Kópagleði sem var í lok maí. Þar var foreldrum boðið að koma og fagna með okkur. Þá var boðið upp á vinnustöð í tónlist í salnum á vorhátíðinni. Deildarstjóri hefur líka farið inn á yngstu deildir með gítar og tekið þátt í samverustundum á föstudögum þar við mikla gleði barnanna. Deildarstjóri gefur út söngáætlun fyrir haust, jóla, þorra og vörn. Áætlun send foreldrum í fréttapóstum.

Sérkennsla: Sérkennslustjóri heldur utanum sérkennsluna og er í samstarfi við deildarstjóra, viðkomandi deilda, leikskólastjóra og foreldra, ráðgjafa leikskóladeildar og ýmsa aðra sem koma að velferð barnanna í Kópasteini.



Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun. Notast er við sjónrænt skipulag á öllum deildum sem nýtist börnum með frávík í þroska og einnig þeim börnum sem hafa lítið íslenskt málumhverfi eða hafa af öðrum ástæðum þörf fyrir sjónrænt skipulag í sínu umhverfi. Starfsfólk deilda tekur að sér stuðning fyrir þá sem þess þurfa og fylgja eftir sérkennslu. Þau börn sem eru með aðstoð allan daginn í leikskólanum eru oftast með sömu aðila sér til aðstoðar. Kennari í sérkennslu var með málörvunarhópa á deildum. Það var töluvert um breytingar á stuðningsaðilum tengdu einu barni. Stefnt er að samráði með fólki sem sinnir sérkennslu og stuðningi - 1 x í viku að jafnaði. Það er mjög mikilvægt að halda utan um stuðningsaðila með reglulegri handleiðslu.

❖ Gullkorn.

Stúlka: „hvað er í matinn?“
 Kennari: krakkalásagna
 Stúlka: „eru krakkar í því?“

2.3 Umbótaáætlun

Sífelld leit að leiða til að einfalda/létta starfið og þá þjónustu sem leikskólinn veitir og gera hana skilvirkari. Það verður lögð áhersla á að við séum ekki að halda á barni/börnum til að minnka líkur á álagsmeiðslum/veikindum sem oft eru áberandi í stoðkerfi hjá leikskólafólki. Skoða að fá inn fræðslu frá sjúkráþjálfara til að skerpa á línum í daglegu starfi okkar á skipulagsdegi á komandi vetri.

Létta öll áhöld í eldhúsinu eins og hægt er til að minnka hávaða og álag á stoðkerfi starfsmanna.

Farið er af stað með nýtt rafrænt viðverkerfi sem mun einfalda margt í umsjá barna. **Vala heitir kerfið**, fyrirhugað er að taka upp **kerfið Lísu líka** sem mun halda utan um heimasíður leikskólanna. Þá fór bærinn í það verkefni að gera myndband fyrir alla leikskólanna til kynningar á starfinu í hverjum skóla.

Kópavogsbær hefur ákveðið að innleiða Barnasáttmálann og Heimsmarkmiðin í vinnu skóla og bæjarfélagsins. Kynningar hafa farið fram, töluvert vinna er framundan að flétta þessar áherslur inn í starfið.

Í desember fórum í gönguferð upp í **Kópavogskirkju** og sungum nokkur jólalög. Við látum vita af þessari heimsókn og foreldrar geta komið með athugasemdir ef þeir óska eftir að barnið sitt fari ekki með. Það var spennandi að fara í heimsókn í kirkjuna þar sem við höfðum fylgst með framkvæmdum við gluggana allt sumarið og fram á vetur. Samstarf leikskólans og foreldrafélagsins hefur verið að mestu í gegnum netið og svo eru einstaka fundir. Deildarstjóri á elstu deild er tengiliður við foreldrafélagið. Hugmynd kom fram um að setja saman sumarhátíð foreldrafélagsins með skemmtiatriðum og vorhátíð leikskólans síðasta haust og þar það gert vorið 2019. Það tókst ljómandi vel og foreldrar ánægðir með að geta sameinað þessa viðburði, vorhátíð skólans og sumargleði foreldrafélagsins.

❖ Gullkorn:

Drengur: „þeir eru of þykkir og mjóir“

Vettlingarnir hans voru orðnir blautir svo að erfitt var að komast í þá!



Tónlist

❖ **Gullkorn**

Barnið: „við erum að fara í sumarbústað“

Kennari: Er langt í bústaðinn?

Barnið: já við keyrum og keyrum og keyrum þangað til við komum að heitapottinum

3. Starfsáætlun fyrir næsta leikskólaár 2019-2020

3.1 Uppeldisstarfið

Uppeldisstarfið byggir á þeim gildum og markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Leikskólastigið er fyrsta skólastigið og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Lögð er áhersla á styrkleika barna, hæfni og gerðar kröfur miðað við þroska og getu. Í leikskólastarfi mynda hugtökin **uppeldi, umönnun og menntun** eina heild þar sem börnunum er sýnd virðing og umhyggja.

Náttúra og umhverfi: Við fylgjumst með árstíðabreytingum, litabreytingum, breytingum á lífríki og birtu. Unnið með umhverfismennt: endurvinnslu, ræktun og hringrás náttúrunnar. Skoðum eiginleika ólíkra efna, vinnum með snertiskyn, lykt, heyrn og bragð. Fylgjumst með veðurfari og gerum tilraunir með efnivið úr náttúrunni. Leikum með ljós og skugga, málbönd og vogir, stækkunargler og segulstál.

Sköpun og menning: Við kynnumst íslenski menningu í gegnum merkisdaga og hátíðir samfélagsins. Við höfum fjölmenningsviku á vorönn. Við kynnumst umhverfinu okkar og umferðarmenningu í gönguferðum. Einnig skoðum við bækur og förum á söfn. Ræðum um lífið í gamla daga og í öðrum löndum. Eitt valsvæði í frjálsa leiknum er tengt myndsköpun á eldri deildum. Einnig er unnið með myndsköpun í skipulögðum vinnustundum. Tjáning og rannsókn eru lykilorð. Notum fjölbreyttan og endurnýtanlegan efnivið við sköpun, ýmsar tegundir af málningu og litum, ásamt ólíkri tækni við að mála, teikna og móta. Við vinnum með einfalda grafík, stimplun, mótun og hönnun. Lögð er áhersla á að vekja áhuga og kveikja forvitni. Við förum á söfn og skoðum listaverkabækur. Hver hópur fer í skipulagða tónlistarstund í sal einu sinni í viku, auk þess sem daglegar söngstundir eru inni á deildum. Unnið er með þulur og söng, hljóðfæri, takt, hlustun, sköpun og hreyfingu. Söngstundir eru inni á deildum daglega. Sameiginleg söngstund fyrir allar deildir er á mánudögum undir stjórn deildarstjóra í tónlist.

Læsi og samskipti: Lesum bækur og segjum sögur án bóka, lesum framhaldssögur, höfum ritmál sýnilegt, notum skráningu, lærum þulur og vísur, syngjum, vinnum með hljóðkerfisvitund og rím. Sögustundir eru daglega. Vináttuverkefni Barnheilla er hluti af þróunarverkefni sem bærinn stendur fyrir að bjóða uppá. Kópasteinn hefur verið með í því verkefni frá upphafi. Samskipti eru í öndvegi allan daginn í leikskólanum. Lýðræðisleg



vinnubrögð eru í forgrunni og það að hlustað sé á raddir allra. Hin fullorðni er fyrirmynd barnanna.

Heilbrigði og vellíðan: Skipulagðar hreyfistundir inni eða úti eru einu sinni í viku yfir veturinn. Þar vinnum við með jafnvægi, stökk, úthald, samhæfingu, líkamsfærni og þekkingu. Notum leiki, þrautabrautir og gönguferðir. Danstímar voru í boði skólans í febr. sem og nokkrir jógaátímar/lífsleikni, allt undir stjórn kennara skólans. Í leikskólanum læra börn um hollt mataræði, hvíld, hreinlæti, hreyfingu og að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Umhyggja skipar stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við börnin. Flestir barnahóparnir ganga frá eftir sig á matarvagninn að máltíð lokinni. Stefnt að því að sóa sem minnstum mat.

Sjálfbærni og vísindi: Við viljum að börnin læri að njóta náttúrunnar árið um kring, þekki sitt nánasta umhverfi, beri virðingu fyrir lífríkinu og gangi vel um auðlindir landsins. Við förum vel með náttúruauðlindirnar, spörum orku, flokkum úrgang og endurnýtum það sem hægt er. Við reynum að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoðum börnin við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

Foreldrar á eldri deildum fá kynningu á vetrarstarfinu í september/okt. Deildarstjórar setja inn á heimasíðu skólans undir deildum starfsáætlun/þema vetarins á deildinni, einnig er hún sýnileg á öllum deildum eftir skipulagsdag haustsins sem er í september.

Deildirnar:

Álfholt:

Tveir árgangar verða á ÁH. 2014 og 2015, alls 25 börn. Dagskipulag deildarinnar miðar að því að hafa jafnvægi milli skipulagðra stunda og frjálsa leiksins þar sem börnin velja sér viðfangsefni eftir áhuga. Næsta skólaár verðum við með sömu áherslu í dagskipulagi og síðasta ár s.s náttúruvísindi og tilraunir, nærumhverfið, vinnáttuverkefni, læsi, málörvun, stærðfræði, einingakubba og síðast en ekki síst leikinn. Jógastundir verða áfram með sama sniði og verið hefur, í vinnustundum og samverustundum. Í öllu starfi tökum við tillit til þroska og áhuga barnanna. Félagssfærni og vinátta er leiðarljós í öllu okkar starfi og á Blæ sinn sess í því.

Steinholt:

Tveir árgangar verða á STH. 2015 og 2016, alls 22 börn. Lögð verður áhersla á leik barnanna og hann notaður til að flétta saman námsviðin. Markmið okkar er að skapa samheldni í barnahópnum og vinna með vináttu. Virðing, tillitsemi, umhyggja og að bera virðingu fyrir hvert öðru, skapar góðan og sterkan barnahóp og þangað stefnum við. Í því samhengi verður unnið með Vináttuverkefnið Blæ í samverustundum einu sinni í viku. Samverustundir eru stór þáttur í skólastarfinu og viljum við nýta þær sem best. Við ætlum að vinna með Lubbi finnur málbein einu sinni í viku í samverustundum ásamt því að lesa bækur, segja sögur, syngja og æfa okkur í framkomu og framsögu. Í skapandi starfi ætlum við að vinna með árstíðirnar og einnig grípa viðfangsefni sem börnin hafa áhuga á hverju sinni. Reynum við að kynna fyrir börnunum ýmiskonar efniviði og aðferðir í skapandi vinnu t.d. málun, saumaskap og vinnu með endurnýtanlegan efnivið.

Dvergholt:

Einn árgangur verður áDVH. árg. 2017 alls 12 börn. Unnið með „ég sjálfur“ og tengt öllum námssviðum. Fyrstu vikur og mánuði eru börnin að aðlagast skólanum, hvort öðru og dagsskipulagi skólans. Stefnt að því að börnin upplifi öryggi í samskiptum við starfsmenn og önnur börn. Við fylgjum stefnu skólans, tökum þátt í öllu starfi sem við einföldum og aðlögum að aldri hópsins. Við leggjum áherslu á samveru, að glaðvæð ríki og að börnin njóti sín sem einstaklingar og í hóp. Þegar aðlögun lýkur og gott jafnvægi er komið á deildina erum við með



söngstund á sal á mánudagsmorgnum. Unnið verður með könnunarleikinn í haust þar sem leikið verður með fjölbreytilegan efnivið. Daglega er farið út þar sem börnin kanna sitt nánasta umhverfi og leika sér frjálst. Málörvun í söng- og samverustundum er daglega þar sem sungin eru ýmis lög, bækur eru skoðaðar og hlustað á sögur. Í skapandi starfi verður unnið með fjölbreyttan efnivið. Í frjálsa leiknum verður leikið í hópum með kubba, heimiliskrök og annað aldurstengt leikefni.

Hulduholt:

Tveir árgangar verða á HH. 2017 og 2018, alls 10 börn. Á deildinni leggjum við áherslu á barnið og nánasta umhverfi þess. Fyrstu mánuðina eru börnin að aðlagast nýju umhverfi, öðrum börnum og starfsfólki, flest eru að fara að heiman í fyrsta sinn. Markmiðið er að börn upplifi gleði og vellíðan í leikskólanum, finni öryggi til að vera þau sjálf og eigi örugg samskipti við önnur börn og starfsfólk. Áhersla er lögð á að börnin læri að vera saman í hóp og læri að hjálpa sér sjálf. Við fylgjum stefnu skólans og tökum þátt í öllu starfi sem við einföldum og aðlögum að aldri hópans. Unnið verður með „ég sjálfur“ og verða notuð fjölskylduspjöld til að tengja saman leikskóla og heimili barnsins.

Sérkennsla: Markmiðið er að tryggja að börn sem á einhvern hátt búa við þroskafrávik eða skerðingu fái þá aðstoð sem þau þurfa á að halda til að geta nýtt sér leikskóladvölinu sem best. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir börn sem eru í 1. og 2. flokki. Einnig eru sett skammtíma-markmið fyrir börn í 1. og 2. flokki og þau yfirfarin reglulega. Sérkennslustjóri sér um að gera námskrárnar og skammtíamarkmið en innihald þeirra er unnið í samráði við deildarstjóra, stuðningsaðila og foreldra. Um 14 % barna er tvítyngdur frá mörgum löndum. Þessi hópur þarf stuðning og markvissa málörvun. Deildarstjórar bera ábyrgð á því að námskrám sé fylgt. Foreldrasamtarf er umfangsmikið með erlendum börnum og sérkennslubörnum.

Dagskipulag eldri deilda:

07.45	Leikskólinn opnar á Steinholti
08.00	Deildir opna / frjáls leikur
9.10-9.40	Samverustund Álfh.
08.30-09.30	Ávaxtastund
09.00-11.30	Vinnustundir / útivera / frjáls leikur
11.30-12.00	Samverustundir
12.00-12.30	Hádegisverður
12.30-13.00	Hvíld, róleg stund
13.00-14.30	Frjáls leikur úti / inni, vinnustundir
14.30-15.00	Samverustund.
15.00-15.30	Síðdegishressing
15.30	Frjáls leikur úti / inni
16.30	Leikskólinn lokar - börn koma og fara innan dvalartíma sem keyptur er!

Dagskipulag yngri deildar:

8.30-9.00	Ávaxtastund
9.00-10.30	Vinnustundir / útivera / frjáls leikur
10.30-11.00	Undirbúningur fyrir samverustund/hádegisverð
11.15	Hádegisverður /sjá skráningu í fataherbergi
11.45-13.00	Hvíld, róleg stund / sjá skráningu vegna barna sem sofa!
14.00-14.30	Samverustund
14.30-15.00	Síðdegishressing
15.00-16.00	Frjáls leikur
16.30	Leikskólinn lokar!

Sjá nánar á deildum útfærslu á dagskipulagi og þema -áherslur á önn!

- ❖ **Gullkorn:** í desember eftir útiveru....
- Barnið: “ég er með eplakinnar og eplaputta”



3.2 Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir

- ✓ Flaggað á deildum þegar barn á afmæli, afmælissöngurinn “**Afmæli þú átt í dag**” eftir Atla Heimi, og barnið gerir kórónu.
- ✓ Gerðarsafn, Náttúrufræðistofa og Bókasafn Kópavogs heimsótt. Barnamenningarhátíðin á vorönn.
- ✓ Heimsókn Slökkviliðs með fræðslu til elsta hóps að hausti.
- ✓ Leiksýning fyrir börnin í boði foreldrafélagsins í kringum aðventuna.
- ✓ Útskriftarferð með elsta hóp innan Kópavogs.
- ✓ Ganga í nóvember gegn einelti

Desember:

- ✓ **6.des.** – rökkurdagur í upphafi jólaföstu, vasaljós velkomin
- ✓ **des.** - Leiksýning í boði foreldrafélagsins
- ✓ **13.des.** gestur í garðinum, foreldrum boðið að vera með okkur eh. Foreldrafélagið býður uppá kleinur og skólinn býður heitt súkkulaði og rjóma.
- ✓ **18.des.** - leiksýning starfsmanna um gömlu jólasveinana fyrir börnin.
- ✓ **19.des.** - litlu jólin, sungið og gengið í kringum jólatréð í salnum okkar, hangikjöt og meðlæti í hádeginu
- ✓ Söngstund á aðventu í Kópavogskirkju (9.des eða 16. des.) sungin nokkur jólalög.

❖ Gullkorn:

Barn er að æfa sig að klæða sig sjálft í útiföt.

Kennari: „Á ég að hjálpa þér“?

Barn: „Já takk“

Kennari aðstoðar barnið.

Barn: „Ég er stolt af þér“.

Janúar:

- ✓ Bóndadagur - Porrablót: þjóðlegur matur í hádeginu.
- ✓

Febrúar:

- ✓ Dagur leikskólanna – ljós og skuggar/vasaljós leyfð.
- ✓ Tilboð frá foreldrum í formi hreyfingar eða skólinn leggur til kennara (jóga eða dans)
- ✓ Foreldrum boðið í hressingu á Góu
- ✓ Bolludagur og furðufataball á Öskudag .
- ✓

Mars:

- ✓ Fjölmenningsvika. Fánar þjóðlanda, landakort o.fl.

Apríl:

Páskahátíðin.

Mái:

- ✓ **15.mái Vorhátíðin “komdu að leika” – foreldrar mæta í leikskólann með barni sínu! Foreldrafélagið kaupir sýningu í garðinn.**
- ✓ Umhverfisvika, gróðursetning og hreinsun á lóð.
- ✓ **28. maí Kópagleði**, útskriftarhátíð elsta hóps.

Júní:

- ✓ Útskriftarhópur – fer í fræðslu og skemmtiferð í boði skólans

Dagsetningar á viðburðum eru á heimasíðunni og á upplýsingatöflum skólans þegar nær dregur.



Innlifun - upplifun úti og inni !

❖ **Gullkorn :**

Ef ég ætti eina ósk . . .

Barn: „Ég myndi óska þess að ég væri hafmeyja.“

3.3 Próunar og nýbreytnistarf

- Áfram unnið með vináttuverkefnið Blæ.
 - Áfram unnið með lestrarátakið og Lubba.
 - Kynning frá formanni foreldrafélagsins verður í netpósti til foreldra að hausti og á aðalfundi félagsins í sept./okt.
 - Unnið með Barnasáttmála
 - Unnið með Heimsmarkmiðin
 - Unnið með Völu, nýtt tölvuforrit
 - Unnið með Lísu, nýtt forrit v. heimasíðu
 - Unnið með rafræna skráningu inn/út í skólanum
 - Aðlögun nýrra starfsmanna að starfi leikskólans m.a. erlendra!
- ✓ Námskynning verður að hausti til forelda

❖ **Gullkorn:**

Drengur: “ég ætla að verða riddari, nuddari og Hatari”

3.4 Mat á starfinu

- Hljóm-2 er könnun á hljóðkerfisvitund sem er lögð fyrir börnin í elsta hóp, getur gefið vísbendingar um gengi lestrarnáms.
- Starfsmannasamtöl eru tekin af deildarstjórum og leikskólastjóra
- Rafræn/miðlæg foreldrakönnun verður vorið 2020
- Leikskólastjóri hittir foreldraráð og fer yfir niðurstöður úr þeim könnunum sem gerðar eru, ekki sjaldnar en 1x á önn.
- Marþættar kannanir eru gerðar innan skólans á vegum bæjarins og annarra aðila sem tengjast menntastofnunum.

3.5 Kynning á leikskólanum

- Foreldrar eru í sambandi við leikskólastjóra eftir úthlutun til að staðfesta plássið. Þeir fá einnig fund með menntasviði með upplýsingum um leikskólastarf. Deildarstjóri tekur á móti forldrum við komuna í skólann, ef foreldrar eru erlendir er boðaður túlkur og sérkennslustjóri situr þá fundi ásamt deildarstjóra.
- Foreldrum kynnt vetrarstarfið á fundum að hausti, með deildarstjórum og í aðlögun.
- Heimasíðan er sá miðill sem leikskólinn nýtir fyrir fréttir og upplýsingar um starfið fyrir foreldra, ásamt netpóstinum. Framundan er nýtt tölvukerfi fyrir miðlun til foreldra.



Sjálfsmynd



Umhverfisvika – vorverkin.

4. Börn

4.1 Fjöldi barna, aðlögun barna, flutningur milli deilda, sérkennsla, útskrift o.fl.

- Í Kópasteini eru 68 börn á aldrinum 1 árs til 5 ára frá haustinu 2019.
- Í elsta árgangi verða 18 börn árið 2019-2020.
- Aðlögun fer fram á haustin og tekur eina viku að 10 dögum. Deildarstjóri og foreldrar setja niður tímasetningar sem taka mið af því að kynna barninu og foreldrum skólann í hóflegum skrefum.
- Foreldrar fylla út öryggisblað barnsins, það er á ábyrgð foreldra að skólinn hafi réttar upplýsingar.
- Börnin flytja milli deilda á sumrin/haustin, árgangar eru fluttir saman og þeim fylgir kennari (fyrstu dagana).



- **Sérkennsla í Kópasteini** (þessar upplýsingar eru óstaðfestar fram að hausti) eitt barn í 1.flokk og þrjú í öðrum 2. flokki. Þessi börn fá eftirfylgd og einstaklingsnámskrár. 9 tvítyngd börn eru í skólanum meirihlutinn með báða foreldra erlenda. Þau eru í litlum málörvunarhópum. Sérþæði fyrir börn með ofnæmi og óþol. Því fylgir mikil ábyrgð og undirbúningur af hálfu eldhúss og árvekni starfsmanna á deildum. Börn eru með mismunandi óþol og ofnæmi sem kallar á mikið samstarf þvert á skólann, að því koma foreldrar, deildarstjórar, matreiðslumaður, sérkennslustjóri og stjórnendur skólans. Sérkennslustjóri útbýr blað fyrir eldhúsið með myndum af börnunum og þarfir þeirra í mat. Skila ber inn læknisvottorð á hverju hausti. Foreldrar koma með fæði ef kostnaður vegna sérþarfa er verulegur! Skólinn leggur til haframjólk.
- **Kópagleðin** er útskriftarhátíð elstu barnanna, haldin í maí. Börnin æfa skemmtidagskrá með aðstoð deildarstjóra í tónlist og deildarstjóra deildar sem heldur utan um starfið með elsta hóp. Þau fá afhenta útskriftarmöppu með sjálfsmyndum sem þau vinna með jöfnu millibili alla leikskólagönguna. Þau mála sjálfsmynd á striga. Foreldrum er boðið að vera viðstaddir og þiggja veitingar sem börnin hafa tekið þátt í að útbúa.

5. Starfsmenn

5.1 Áherslur í samstarfi, s.s. handleiðsla, starfsmannaviðtöl og móttaka nýrra starfsmanna

Skólinn er eitt vinnusvæði, nokkrir starfsmenn bera megin ábyrgð á ákveðnum svæðum skólans: Valkerfisstjórar, bókasafnstjóri, listaskálastjórar, sjóðsstjóri, öryggisráðgjafi, útieftirlit o.fl. Samráðsfundir eru í upphafi dags vegna starfsmannahalds og verkefnastöðu o.fl. Deildastjórafundir 1x í viku, þeir eru liður í að samræma og miðla innan leikskólans, fundagerðir eru sendar á allar deildir að fundi loknum. Leikskólastjóri er í handleiðsluhóp með 4 öðrum leikskólastjórum í bæjarfélaginu, þeir hittast 2 - 4x á vetri, sérkennslustjóri er í handleiðsluhóp með 6 öðrum sérkennslustjórum, þeir hittast 1x í mánuði. Aðstoðarleikskólastjóri er í handleiðsluhóp sem einnig hittist reglulega. Starfsmannasamtöl eru 1x á ári, oftast ef óskað er, oft óformleg! Starfsmannafélag Kópasteins var stofnað formlega eftir aðkomu bæjarins með greiðslu f. hvern starfsmann sem þar er og geta allir starfsmenn verið félagsmenn, þessi sjóður er í þágu félagsmanna. Kosin var sjóðsstjóri og tveir meðstjórnendur, þar af leikskólastjóri. Flæði milli deilda er liður í að efla samvinnu/samstarf milli deilda, stefnt að því að deildarstjórar vinni þvert á deildir sem eru með sama aldurshóp!

Móttaka nýrra starfsmanna er í höndum leikskólastjóra og næsta yfirmanns viðkomandi innan skólans. Samstarf deildarstjóra og matráðs er mikið vegna barna með sérþæði.

5.2 Starfsmenn, fjöldi stöðugilda, menntun, sérkennsla, afleysingar, barnsburðarleyfi, námsleyfi, hreyfing á starfsfólki og fl.

Afleysing er reiknuð í starfsmannaprósentsur á deildum, hún tekur m.a. mið af fjölda leikskólakennara á deild sem þarf að leysa af í undirbúningstímum, fjölda starfsmanna á deildum, sem og undirbúningi annarra starfsmanna sem sinna **sérverkefnum** sbr. heimasíðu, heimsmarkmiðum o.fl.– eftir því sem tími leyfir, sem og tilfallandi veikindum/forföllum. Ef um langtíma veikindi er að ræða þarf að skoða viðbótar úrræði.

Síðasta ár: Nokkur hreyfing var í starfsmannahópi á liðnu skólaári, aðstoðarleikskólastjóri réði sig í grunnskóla, einn kennari fór í barneignarfrí eftir áramót, sérkennslustjóri var í veikindaleyfi í eitt ár. Tímabundin veikindi voru töluverð síðasta vetur, mis löng. Leikskólakennari á eftirlaunum / fyrrum deildarstjóri í Kópasteini er hér í tímavinnu. Það hefur verið töluverð hreyfing á starfsfólki í stuðning/sérkennslu sem og forföllum í þeim hóp.

Sérkennsla fékk úthlutað fleiri tímum (fleiri verkefni) yfir veturinn sem kallaði á fleira fólk. Nú hefur bærinn boðið fleiri undirbúningstíma fyrir deildir sem er gott, en það kallar einnig á hærri starfsmanna-prósentur /fleira fólk.



Regnbogafiskurinn er bók sem við vinnum mikið með í endurvinnslu/sköpun

Starfsheiti	Stöðugildi	Fjöldi	Menntun
Stjórnun:	2,5	3	
Leikskólastjóri	1	1	Leikskólakennari
Aðstoðarleikskólastjóri	0,3 + 0,70	1	Leikskólakennari/stjórnun/deildarstarf
Sérkennslustjóri	0,5	1	Leikskólakennari/framhaldsskólak. afl.
Deildir:			
Deildarstjórar	2,80	3	Leikskólakennari
Deildarstjóri	2	2	Bed.sálfræði, heilsunuddari
Deildarstjóri	0,3	1	Tónlistarkennari
Leiðbeinandi	3	2	grunnskólakennari/stjórnun/háskólapróf
Leiðbeinandi	4	3	Stúdentspróf/grunmenntun
Deildarstjóri/tónlist (ekki frágengið)	0,45	1	Sérverkefni /Heimsmarkmið-Barnasáttmála
Kennari	0,80	1	Íslenskufraeðingur/sér um heimasíðuna m.a.
Hlutastörf/afleysingar	1	2	Nemar í hlutastarfi/ófrágengið
2,5 stöður ómannaðar			Leitað að fólk /býður haust
Eldhús			
Matráður	1	1	Matsveinn
Aðstoðarmatráður	0,75	1	
Samtals	21,1	23	



Sandur, blek, sjálfsmyndir

5.3 Fundir

- Samráðsfundir deilda- og leikskólastjóra kl: 8.45 (skráð í bækur), farið yfir daginn og gerðar ráðstafanir ef þarf í starfsmannahaldi og verkefnastöðu.
- Deildastjórafundir eru 1x í viku í 1 klst. í hádegi á þriðjudögum, fundargerð dreift á deildar, í eldhús.
- Fagfundir eru 1-2x á önn, eftir verkefnastöðu hverju sinni.
- Starfsmannafundir eru hluti af skipulagsdögum, 1-2 starfsmannafundir fyrir utan skipulagsdaga í samráði við kennara og starfsfólk.
- Deildafundir hafa verið hluti af skipulagsdögum og eða hluti starfsmannafunda að kveldi.
- Leikskólastjórafundir eru 1x í mánuði yfir veturinn.
- Sérkennslustjórafundir eru á 6 vikna fresti yfir veturinn.
- Deildarstjóri í elsta hóp sækir fundi vegna samráðs við grunnskólann.
- Fundir vegna sérkennslu og teymisfundir innan hennar eru allnokkrir, sem og túlkafundir vegna erlendra barna.
- Fundir vegna nýrra forrita og innleiðingar á nýju námsefni

5.4 Skipulagsdagar / námskeiðsdagar

2019-2020:

Allir skipulagsdagar eru ákveðnir miðlægt af menntasviði.

13.sept.

21.nóv.

10.jan. – tekin undir samtal við foreldra.

23. mars – fyrirhuguð námsferð starfsmanna.

22.maf.

dagskrá þegar nær dregur.

Verkefni sem ber að vinna m.a. á skipulagsdögum, starfsmannafundum:

Ekki tæmandi listi!

- Forvarnarnámskeið – annað hvert ár – 2021
- Brunaeving 2x á skólaári með börnum
- Jafréttisfræðsla
- Öryggisnámskeið / upplýsingar, miðlun til starfsmanna
- Fræðsla og miðlun frá stjórnendum – sem oftast



- Miðlun til starfsmanna úr viðtölum við foreldra á vorönn á deildarfundum
- Foreldrakönnun, niðurstöður á vorönn, **næst 2020** (á 2ja ára fresti)
- Kynna niðurstöður úr könnunum sem eru gerðar innan og utan skólans - sem oftast
- Fá fyrirlesara um ýmis málefni er varða starfið – háð tíma og fjármagni
- Fá inn námskeiðshaldara sbr. Lubbanámskeið í sept. hálfan daginn.
- Miðlun frá kennurum og leiðbeinendum sem fara á námskeið – sem oftast
- Kynning á niðurstöðum frá sérfræðingum sem leggja okkur lið vegna sérkennslubarna
- Skipulagning fyrir hverja önn, foreldrasamtöl undirbúin
- Miðlun eftir foreldrasamtöl til annarra starfsmanna á deild
- Farið yfir leikefni og aðbúnað, námsgögn
- Þrif á leikefni
- Unnið með fræðslu til hópsins í tengslum við áherslur hverju sinni læsisstefnuna og umhverfismennt, Lubbanámskeið, fyrirlestur vegna Heimsmarkmiða o.fl. o.fl..
- Starfsmannafundir – starfsmannahópurinn – innri mál

5.5 Endur- og símenntunaráætlun fyrir starfsfólk

Þátttaka í námskeiðum á vinnutíma hefur verið háð áhuga, verkefnastöðu og aðstæðum hverju sinni. Því miður er ekki alltaf hægt að senda fólk á fyrirhuguð námskeið, veikindi eða önnur forföll geta komið í veg fyrir það. Afleysingarprésentur eru ekki nægar til að ná utanum námstilboð til starfsmanna á vinnutíma. Námskeiðsáætlun leikskóladeildar er birt að hausti. Fólk óskar eftir að fara við sinn næsta yfirmann, sem skoðar stöðuna þegar umrætt námskeið fer fram. Alltaf háð starfsmannahaldi og fjölda barna hverju sinni.

Á skipulagsdögum er einnig unnið með sí- og endurmenntun eins og tími leyfir. Það er óhætt að segja að áhugi starfsmanna á því að sækja fræðslu sé mikill, en afleysingar á vinnutíma hamla þátttöku.

6. Foreldrasamstarf

6.1 Áherslur

Leikskólinn reynir að mæta þörfum barna og foreldra eins og starfsmannahald leyfir hverju sinni. Æskilegt að foreldrar stilli í hóf dvalarstundum ef mögulegt er m.a. vegna starfsmannahalds og álag sem skapast þegar illa gengur að manna leikskóla. Þá eru aðstæður oft breytilegar hjá fólki og æskilegt að hagræða þá í dvalartímum. Leikskólakennarar skipuleggja vinnutíma sinn út frá starfsemi deildar og starfsmannahaldi eins og þeir geta, en fleiri kennarar hafa kosið að minnka viðveru sína því miður. Foreldrar eru aðal uppalandur barna sinna, leikskóladvölin er viðbót, þar sem meðal annars er unnið með barnið í hópnum. Við viljum auðvelda foreldrum þátttöku í starfsemi skólans ma. með því að bjóða tímasetningar á viðburði eins og kynningarfundum á starfi deilda að morgni, vorhátíð að morgni. Þetta hefur gefið góða raun. Kópasteinn er umhverfisvænn skóli, innan skólans er allt flokkað sem fer í tunnur frá okkur, foreldrar leggja til poka undir óhreinan þvott ef þeir vilja nota slíkt, en eru hvattir til að nýta sér önnur úrræði en plast.

Foreldrar gæti þess að starfsfólk leikskólans hafi alltaf réttar upplýsingar um símanúmer og vinnustað foreldra og ef börn hafa ofnæmi eða óþol af einhverju tagi. Deildarstjórar upplýsa foreldra um mikilvægi þessa. Þessar upplýsingar eru ma. skráðar á öryggisblað barnsins.

6.2 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

- Kynning á vetrarstarfinu á haustin á eldri deildum. Á yngri deildum er aðlögun lengri og þar gefst tími til að upplýsa foreldra.
- Gestur í garðinn á jólaföstu.
- Vöfluboð á Góu



- Útskriftarhátíð elstu barna, Kópagleði í maí
- Vorhátíðin “komdu að leika” í maí
- (Sumarhátíð foreldrafélagsins)
- Foreldrafélag og foreldraráð er starfandi við skólann.
- Foreldrafélagið hefur skipulagt sveitaferð á laugardegi undanfarin ár með þátttöku foreldra.
- Foreldrafélagið hefur keypt leiksýningu í desember, keypt litla Blæ fyrir þau börn sem eru að koma ný inn í verkefnið og lagt útskriftarferð elsta hóps lið ef fjármunir hafa verið til en reynt að stilla kostnaði í hóf við þá ferð. (undanfarin ár hefur engin kostnaður verið aukalega f. utan matinn)

6.3 Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Boðið verður upp á foreldrasamtal á skipulagsdegi í kringum áramótin, kynningafundur á starfinu að hausti, heimasíðan er vettvangur fyrir upplýsingar til foreldra og upplýsingataflan í fataherberginu. Deildastjórar senda hóppóst á foreldra sem og stjórnendur. Nokkur teymisviðtöl eru innan skólans vegna sérkennslu, túlkafundir eru vegna erlendra foreldra, þó háð fjármagni. Skilafundir sérfræðinga til leikskólans og foreldra. Ný heimasíða er á leiðinni með haustinu. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildastjórar og kennari munu halda utan um síðuna. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir fræðslufundum til foreldra í samvinnu við tengilið skólans.

6.4 Foreldraráð og foreldrafélag

Foreldraráð fundar með leikskólastjóra að vetri, valinn er formaður og ritari, ráðið starfar samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga um leikskóla og ber að gefa m.a. umsögn um skólanámskrá á hverju ári og hefur umsagnarrétt í stærri málefnum leikskólans, s.s. verulegar skipulagsbreytingar o.fl. Því miður hafa fundir verið stopulir vegna mikilla anna. Reynt hefur verið að upplýsa þá aðila sem í ráðinu eru sem best hverju sinni. Síðasta vetur voru 2 stjórnarmenn í ráðinu, stefnt að því að þeir séu 3 að jafnaði. Í foreldrafélaginu eru oftast fulltrúar frá hverri deild.

Stjórn foreldrafélagsins hittist eftir þörfum ásamt tengiliði skólans við foreldrafélagið, stjórnin velur sér formann, gjaldkera og ritara. Mikil samskipti eru í gegnum póstinn. Stjórn foreldrafélagsins / gjaldkeri heldur utan um sjóð sem foreldrar greiða í 1x á ári, þeim fjármunum er varið í skemmtanir fyrir börnin, sbr. sveitaferð, leiksýningu og fræðslu til foreldra og/eða danskennslu á vorönn. Stjórn foreldrafélagsins skilar á hverju hausti af sér skýrslu til foreldra m.a. um fjárhagsstöðu félagsins og sendir til félagsmanna.

7. Samstarf

7.1 Samstarf við grunnskóla

Formlegt samstarf leikskóla í vesturbæ er við Kársnesskóla og Kópavogsskóla. Deildarstjóri með elsta hóp innan leikskólans fer á samráðsfund með deildarstjóra 1. bekkjar í grunnskóla að hausti og skipuleggjur heimsóknir þessara hópa milli skólanna yfir veturinn. 4. bekkur hefur komið og lesið inni á öllum deildum undanfarin ár sem er skemmtilegur síður.

7.2 Samstarf við aðra

Skólinn á góð samskipti við birgja, þá eru mikil og góð samskipti við iðnaðarmenn sem sinna viðhaldi innan og utan skólans enda verkefnið ærin í gömlu húsi. Bókasafnið er heimsótt og náttúrufræðistofan.

7.3 Nemar

Grunnskólanemar hafa komið reglulega á vorönn í tengslum við þemavikur. Ungmennni úr vinnuskólanum hafa verið í 6 vikna sumarvinnu. Einn nemandi úr grunnskóla var með fasta viðveru yfir veturinn á miðdeild 3x í viku í samráði við menntasviðið.



**Vetur, sumar, vor og haust,
við sköpum endalaust.....**

8. Öryggismál

- Öryggisvörður er aðstoðarleikskólastjóri, öryggistrúnaðarmaður er leikskólakennari. Farið í öryggisúttekt á hverri önn! Framvegis verður þetta eftirlit sett á fundar og skipulagsblað fyrir hverja önn! Ábendingar frá starfsmönnum komið beint til öryggisvarða eða komið á framfæri við stjórnendur skólans. Öryggisvörður sér um að senda verkbeiðnir á viðeigandi aðila. Einnig er haldin fundarbók með skýringum á ferli í hverju máli. Það er krafist miklu meiri umsýslu í kringum þessi mál en í raun er settur tími í. Ljóst að á komandi árum þarf að bæta í starfsmannaprósentur til að mæta skjalavörslu, öryggismálum og eftirfylgni fleirri málaflokka sem eru orðin hluti af rekstri leikskóla.
- Slysaskráningar barna hafa verið í föstum skorðum í mörg ár.
- Öryggisvörður og trúnaðarmaður fara um skólann 1-x á vori og 1-x á hausti og fara yfir ýmsa öryggisþætti og benda á það sem þarf að lagfæra.
- Öryggisblað barnsins er í notkun, foreldrum ber að tilkynna allar breytingar á högum sínum, símanúmer, netföng og heilsufar.
- Haldið forvarnarnámskeið á 2ja ára fresti. Þar er farið í öll öryggisatriði og slysavarnir, **næst vorið 2021**
- Virkt útieftirlit er á hverjum morgni (utan nóv. og des. vegna myrkurs) athugasemdir eru skráðar í bók af þeim starfsmanni sem sinnir eftirlitinu. Ef eitthvað ber útaf er það tilkynnt til stjórnenda skólans. Bæta þarf tilkynningarferli á viðhaldi.



9. Lokaorð

Starfsmannahópurinn er fjölbreyttur, aldursblöndun góð, margir reynslumiklir kennarar og leiðbeinendur. Helmingur kennara vinnur hlutastarf, einnig nokkrir leiðbeinendur. Fagmenntun er fjölbreytt innan skólans, en lítið hefur verið um endurnýjun í leikskólakennarahópnum, því miður. Síðasta sumar lét af störfum aðstoðarleikskólastjóri til 25 ára. Það var vandfyllt í það skarð. Enda ekki gengið að reynslumiklum leikskólakennurum í leit að vinnu, hvað þá sem vilja mikla ábyrgð. Nýliðun verður nokkur þetta haust sem og síðasta haust. Það tekur ætíð mikinn tíma og fyrirhöfn að koma nýju fólki inn í starfið. Í haust hefja 18 börn hefja dvöl. Líðið skólaár var annasamt að vanda, veikindaförföll í starfsmannahópnum mikil og sérkennsla oft þung, tíð mannaskipti við sérkennslu. Vinnuslys eru ekki tíð í leikskólanum, en gerast. Fjöldi erlendra barna hefur dregist saman, er nú um 14%. Starfsmannahald hefur verið breytilegt og nokkrir kennarar horfið til annarra starfa sem er verulegt áhyggjuefni. Flest börn eru 8-8,5 st. á dag. Vinnuvika barna er því 40-45 st. á viku. Skólinn hvetur alla foreldra til að hagræða í dvalartímum sem það geta, til að minnka álag í barnahópnum sem og í starfsmannahaldi, en langvarandi álag leiðir til þess að fólk gefst upp og leitar annað eða óskar eftir minnkuðu starfshlutfalli. Þarna myndi haust og vetrarfrí, jóla og páskafrí gera mikið til að starfsfólk gæti hlaðið batteríin eftir álag vetrarins, eins og aðrar kennarastéttir.

Viðhald: Farið var í að mála og laga ýmislegt í kjallaranum, húsbúnaður endurnýjaður í kaffistofu, geymslur teknar í gegn og nýjar hillur settar þar inn. Framundan eru framkvæmdir á Álfholti, skipt um gólfefni, settir upp skápar, málað o.fl. Brýnt að endurnýja grindverk við Hábraut, endurgera moldarsvæðið.

Heiða Björk Rúnarsdóttir leikskólastjóri

Skýrsluna unnu:

Heiða Björk Rúnarsdóttir leikskólastjóri, Linda Olsen aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar.